

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 170/1987 um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra.

1. gr.

Fjárhæðir þær, sem nefndar eru í 1. mgr. 5. greinar, skulu breytast þannig:
Í tölulið 1) komi kr. 100 þús. í stað kr. 80 þús. Í tölulið 2) komi kr. 300 þús. í stað kr. 250 þús.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 19. gr. og 39. gr. stl.b laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um húsnæðisbætur.

1. gr.

Maður sem skattskyldur er samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og kaupir, byggir eða eignast á annan hátt í fyrsta sinn íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum. Réttur til húsnæðisbóta stofnast aðeins einu sinni fyrir hvern framteljanda.

2. gr.

Réttur til húsnæðisbóta samkvæmt 1. gr. stofnast á því ári þegar bygging húsnæðis er hafin eða það keypt eða maður eignast það á annan hátt. Réttur til húsnæðisbóta varir í sex ár frá og með því ári.

Bygging húsnæðis samkvæmt 1. mgr. telst hafin þegar undirstöðum byggingar er lokið samkvæmt vottorði byggingarfulltrúa eða samningur er gerður um byggingu og þá miðað við að húsnæðið verði fókelt í eigu rétthafa bótanna.

Það telst ekki vera fyrsta íbúð manns í skilningi þessarar reglugerðar ef hann hefur selt, afhent eða afsalað sér íbúðinni fyrir gildistöku þessarar reglugerðar og eignarhald hans hefur varað skemur en 2 ár.

Hafi maður ekki átt íbúð í 10 ár fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, talið frá og með því ári er hann seldi eða lét af hendi íbúð sína, öðlast hann rétt til húsnæðisbóta ef hann eignast íbúð aftur og fullnægir að öðru leyti ákvæðum reglugerðar þessarar um skilyrði húsnæðisbóta. Maður telst ekki hafa átt íbúð síðastliðin 10 ár í þessu sambandi ef hann hefur átt innan við 10% af íbúðinni eða ef ákvæði 5. mgr. þessarar greinar eiga við.

Hafi maður eignast hluta í íbúð fyrir arf eða gjöf, áður en reglugerð þessi öðlast gildi, telst það ekki vera fyrsta íbúð hans ef eignarhluti hans í íbúðinni hefur verið innan við 34% eftir arftökuna eða gjöfina.

Ef maður sem eignast hluta í íbúðarhúsnæði í fyrsta sinn fyrir arf eða gjöf eftir gildistöku reglugerðar þessarar nýtir ekki rétt sinn til húsnæðisbóta vegna þess íbúðarhúsnæðis telst hann ekki hafa eignast sína fyrstu íbúð í skilningi þessarar reglugerðar.

3. gr.

Ef maður gengur í hjónaband eða stofnar til sambúðar sem veitir rétt til skattlagningar í fyrsta sinn samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981, með aðila sem á íbúðarhúsnæði fyrir til eigin nota, á hann rétt til húsnæðisbóta samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar að frádregnum þeim árafjölda sem hann hefur notið húsnæðisbóta áður.

Réttur til húsnæðisbóta samkvæmt þessari grein er að öðru leyti háður öðrum skilyrðum þessarar reglugerðar eftir því sem við á.

4. gr.

Húsnæðisbætur skulu bundnar við eignarhald réttthafa húsnæðisbóta á íbúð. Selji réttthafi íbúð þá sem veitti rétt til húsnæðisbóta innan sex ára frá því tímamarki er greinir í 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar án þess að hefja byggingu eða festa kaup á öðru íbúðarhúsnæði, falla bótagreiðslur til hans niður á söluárinu. Réttur til húsnæðisbóta stofnast ekki ef byggt er eða keypt íbúðarhúsnæði og það selt á sama ári.

Ónýttur réttur til húsnæðisbóta skal geymast þar til réttthafinn hefur byggingu eða kaupir íbúðarhúsnæði að nýju.

Hafi réttur til húsnæðisbóta stofnast vegna hjúskapar eða stofnunar sambúðar samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar skulu ákvæði 1. og 2. mgr. hér að framan gilda ef skilnaður verður með hjónum eða slit á sambúð. Skilnaður eða sambúðarslit í þessu sambandi, skal rjúfa rétt til húsnæðisbóta eins og um sölu íbúðar væri að ræða.

5. gr.

Slíti maður heimilsfesti hér á landi reiknast húsnæðisbætur hans á brottfararárinu hlutfallslega miðað við þann tíma ársins sem hann var heimilsfastur hér á landi.

6. gr.

Andist réttthafi bótanna reiknast húsnæðisbætur hlutfallslega miðað við andlátsdag. Eftirlifandi maki á rétt á húsnæðisbótum látins maka á dánarári hans og á næsta ári eftir dánarár hans ef réttindi standa til þess.

7. gr.

Húsnæðisbætur eru ákvarðaðar við álagningu samkvæmt sérstakri umsókn til skattstjóra sem skal skilað með framtali á næsta ári eftir að réttur til þeirra stofnast. Ríkisskattstjóri ákveður hvað skuli koma fram á umsóknum og ákveður gerð þeirra.

8. gr.

Að lokinni álagningu semur skattstjóri skrá yfir réttthafa húsnæðisbóta og sendir hana fjármálaráðuneytinu.

9. gr.

Húsnæðisbætur greiðast réttthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda réttthafans í þessari forgangs röð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins samkvæmt 67. gr. laga nr. 75/1981.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt vegna tekjuársins.
5. Ógoldins útsvars og aðstöðugjalds frá fyrri árum.
6. Annarra gjalda eða skatta en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

10. gr.

Húsnæðisbætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiðast út 1. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 1. ágúst 1989 vegna íbúðar sem maður eignast á árinu 1988.

Pó skulu húsnæðisbætur sem maður á rétt á samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II í lögum nr. 92/1987 greiðast út í fyrsta sinn 1. ágúst 1988 vegna íbúðar sem hann eignaðist á árunum 1984—1987 og eiga undir þau ákvæði.

Ríkisbókhald sér um skuldajöfnun, sbr. 9. gr., og um útborgun húsnæðisbóta.

11. gr.

Nú kemur í ljós að maður hefur fengið greiddar húsnæðisbætur án þess að hafa átt rétt á þeim eða uppfyllt skilyrði 2. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar og skal honum þá gert að endurgreiða þær að viðbættu álagi. Álag á of hátt ákvarðaðar bætur skal nema 25%. Fella skal niður álag samkvæmt þessari grein ef maður færir rök að því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali eða umsókn um húsnæðisbætur eða varðandi önnur atriði er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

12. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í C—lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 9. gr. laga nr. 92/1987, og 119. gr. laga nr. 75/1981, gildir frá 1. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 29. janúar 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Þorláksson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hvammstanga.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Hvammstanga staðfesta 27. desember 1973.

2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mestu álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.